

**Ed.**

## **352. Breytingartillögur**

við frv. til laga um fiskveiðasjóð Íslands.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

1. Við 3. gr.
  - a. Töluliður 2. falli niður.
  - b. Á eftir 3. gr. kemur ný grein, sem verður 4. gr., svo hljóðandi:

Fiskveiðasjóði er heimilt að gefa út handhafavaxtabréf, allt að 1 milljón króna, sem tryggð skulu með stofnfé sjóðsins og ábyrgð rikissjóðs. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um stærð bréfanna, útlit, útdrátt og aðra meðferð þeirra, í reglugerð sjóðsins. Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán til kaupa á slíkum bréfum, allt að 1 milljón króna.
2. Við 5. gr., sem verður 6. gr. Í stað „80 rúmlestir“ á tveim stöðum í gr. komi: 100 rúmlestir.
3. Við 6. gr., sem verður 7. gr.
  - a. Aftan við 1. málsg. bætist: enda gangi veðréttur sjóðsins ávallt fyrir öðrum tryggingum í skipunum, öðrum en lögveði.
  - b. Í stað „30 þús. kr.“ í síðustu málsg. komi: 50 þús. kr
4. Við 7. gr., sem verður 8. gr.
  - a. Í stað orðanna „allt að helmingi“ komi: allt að  $\frac{2}{5}$ .
  - b. Í stað „24 þús. kr.“ komi: 35 þús. kr.
5. Við 8. gr., sem verður 9. gr. Upphaf fyrri málsg. orðist svo:

Vextir af lánum úr fiskveiðasjóði skulu að jafnaði ekki fara fram úr  $5\frac{1}{2}\%$  — fimm og hálfum af hundraði — á ári o. s. frv.